

AUGLÝSING

um skipulag í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi Lækjargötu, Hringbrautar og Öldugötu, „Rafhareitur“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. mars 2006 með breytingum, deiliskipulagið „Rafhareitur“, í Hafnarfirði. Breytingin felst í að felld er niður kvöð um gangandi umferð meðfram lóðarmörkum á lóð nr. 2a-c við Hringbraut og jafnframt er sambærileg kvöð færð til innan lóðar Lækjargötu 26-32.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 8 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. febrúar 2006 deiliskipulagið með breytingum. Breytingin felst í að byggingarreitur næst Eyrartröð verður stækkaður og innan hans verður byggt 252,4 m² hús. Hámarkshæð mænis er 6,5 m. Eftir breytinguna verður nýtingarhlutfallið 0,28 en skv. deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins frá 1998 má nýtingarhlutfallið vera 0,3 á þessari lóð. Aðkoma að skemmu, innar á lóðinni, verður frá Grandatröð, fyrirkomulagi bílastæða verður breytt og þeim fjölgað úr 20 í 25.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Hverfisgötu 29 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. nóvember 2005 með breytingum, deiliskipulagið Hverfisgata 29, í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í breytingu á 739 m² lóð sem hýsir skrifstofur og bækistöð Rafveitu Hafnarfjarðar sem nú skulu víkja. Lóðin verði nú ein lóð, með þremur íbúðarhúsum sem hafa hvert sinn sérafnotahluta, en bílakjallari er undir allri lóðinni. Hverju húsi fylgja tvö stæði í bílakjallara og útitröppur.

Farið var með breytinguna skv. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 27. apríl 2006.

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.